

Myndir af gosmekki

Teknar í flugi TF-SIF þann 1. september 2014

Halldór Björnsson, Veðurstofu Íslands

TF-SIF, flugvél Landhelgisgæslunnar flaug yfir umbrotasvæðið við norðanverðan Vatnajökul kl. 13:45 og 16:30 þann 1. september. Nokkuð skýjað var á svæðinu en þokkalegt skyggni náðist í lágflugi. Hér verður fjallað um nokkar myndir sem teknar voru af gosmekkinum (myndir teknar af HB, nema annað sé tekið fram).



Fyrsta myndin er yfirlitsmynd þar sem horft er til norðurs í átt að eldstöðunum. Mökkurinn reis í tæplega 4 km hæð en stífir vindar blésu honum til ANA. Í má sjá ský í framhaldi af mekkinum. Þetta ský mátti rekja tugi km. Í bakgruninum, vestan við mökkinn má sjá ský með ákaflega vel greinanlegan skýjabotn. Þessu skýi má fylgja til austurs og liggur það rétt undir skýinu sem mökkurinn myndaði.

Stífur vindurinn þyrlaði upp sandroki, sem sjá má vestan við mökkinn og undir honum. Þessi mökkur gerði það erfiðara að greina hvort öskufall væri úr mekkinum. Svo reyndist ekki vera.



Næsta mynd sýnir ofan á skýið sem stafar frá mekkinum. Horft er til vesturs, í átt að eldstöðunum. Athyglisvert er að skýið sem stafar frá mekkinum er auðgreinanlegt því það hefur allt aðra áferð en skýin umhverfis.



Mökkurinn rís frá eldstöðunum, en nær að lokum flotjafnvægi og myndar hvítt hniklótt ský. Við þessi skil mátti sjá dökka skugga neðan í skýinu. Í gosskýjum eru slíkir skuggar oft merki um ösku, en þeir geta allt eins verið hefðbundnir skuggar. Ekki var hægt að sjá að nein aska væri að falla frá þessum hluta skýsins. (Mynd Emmanuel Pagneux)



Fjórða myndin sýnir hluta af mökkinn frá hlið. Horft er til norðurs, og er TF-SIF staðsett yfir austari farveg Jökulsár á Fjöllum. Mökkurinn er að rísa framhjá dökku skýi í bakgrunni. Þetta ský tengist ekki gosmekkinum. Sjá má gap milli botnsins á þessu skýi og sandsins sem þyrlað er upp á yfirborðinu.



Fimmta myndin sýnir neðri hluta makkarins, og sýnir greinilega hvernig sandfokið sem þyrlað er upp á yfirborði rís í átt að skýjabotninum, en mökkurinn rís hvítur í forgrunni. Efnið sem vindurinn þyrklar upp fýkur til austurs (til hægri á myndinni). Augljóst er að fokagnirnar eru ekki að falla úr mekkinum, því þá væru þær að hreyfast á móti vindi.



Sjötta myndin sýnir hvar mökkurinn er að stíga upp úr sandfokin. Ekki er óhugsandi að eitthvað af fokögnum þyrlist upp í mökkinn. En þá ekki í miklum mæli (*mynd Pálmi Erlendsson*)



Sjöunda myndin sýnir mökkinn við upptökin og greinilegt er að hann rís frekar jafnt upp, þó einstaka bólstur nái að stíga hraðar.



Síðasta myndin sýnir að upptök makkarins eru gossprunga sem er nokkur hundruð metra löng. Einnig sést virkni í litlum gíg fremst á myndinni.